

Breytingatillaga við tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sem lögð var fram á fundi ráðsins dags. 8. júní 2023

Breytingatillaga mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um forvarnir gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi

Lagt er til að settur verði á fót samráðhópur í Reykjavík sem hafi það hlutverk að vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og samræma þá vinnu. Lögð verði áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

Samráðshópur um forvarnir gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi

Hlutverk samráðshópsins:

Hlutverk samráðshópsins er að stilla saman strengi, greina hvar skóinn kreppir og efla upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og eru í þjónustu við þann hóp.

Í hópnum eigi sæti eftirtaldir fulltrúar:

- ✓ Formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs
- ✓ Fulltrúi grunnskóla á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
- ✓ Fulltrúi frístundastarfs á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
- ✓ Fulltrúi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
- ✓ Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur
- ✓ Fulltrúi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu/samfélagslögregla
- ✓ Fulltrúi Embætti landlæknis
- ✓ Fulltrúi framhaldsskóla í Reykjavík
- ✓ Fulltrúi Barna- og fjölskyldustofu
- ✓ Fulltrúi Ríkislögreglustjóra
- ✓ Fulltrúi frá Berginu headspace
- ✓ Fulltrúi frá Barnaheill
- ✓ Fulltrúi foreldra (útfært nánar í samstarfi við skóla- og frístundasvið)

Hópin leiði formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Til ráðgjafar verði kallaðir til eftirfarandi aðilar: Stígamót og Samtökin 78.

Með hópnum vinni starfsmanneskja frá Reykjavíkurborg sem hefur það hlutverk að taka saman gögn, greina stöðu mála og sjái um að kalla hópinn saman bæði á föstum samráðsfundum ársfjórðungslega og oftár ef þörf er á en einnig þegar bregðast þarf strax við aðstæðum sem koma upp.

Til hliðsjónar í starfi:

- ✓ Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- ✓ Farsældar lög
- ✓ Betri borg fyrir börn – nálgun og hugmyndafræði
- ✓ Barnaverndarlög
- ✓ Lög um félagsþjónustu
- ✓ Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna